

Selfossi, 20. mars 2001

**81. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn
mánudaginn 19. mars 2001, kl. 13:30 að Austurvegi 56,
Selfossi.**

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir, Þorvarður Hjaltason,
framkvæmdastjóri og Guðmundur Tr. Ólafsson, umhverfisfræðingur.

Gestir fundarins: Oddur Hermannsson og Hermann Ólafsson frá Landform ehf.

Dagskrá:

1. Frágangur á urðunarsvæði í Kirkjuferjuháleigu.

Tillaga Landforms ehf. Oddur og Hermann gerðu grein fyrir tillögunni.

Lagt fram bréf frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, dags.

1. mars 2001, varðandi deiliskipulag sorpurðunarsvæðisins í Kirkjuferjuháleigu.

Samþykkt að óska eftir að kynna þessar hugmyndir fyrir bygginganefnd Ölfuss á fundi 5. apríl, kl. 17:00.

2. Ársreikningur 2000 - drög.

Til kynningar.

**3. Bréf frá Hollustuvernd ríkisins, dags. 29. desember sl., ásamt niðurstöðum
mengunarvarnareftirlits.**

Óskað er eftir að fyrirhuguðum samráðsfundi með Hollustuvernd verði hraðað.

4. Fundargerð stjórnar Kjötmjöls ehf. frá 23. janúar sl.

Þorvarður og Guðmundur sögðu frá málefnum fyrirtækisins.

5. Upplýsingar um starfsemina.

Lagðar fram tölulegar upplýsingar um innvegið magn o.fl.

6. Aðalfundur 2001.

Samþykkt að halda aðalfund miðvikudaginn 25. apríl n.k, kl. 10:00. Fundarstaður
ákveðinn á næsta fundi.

Fundi slitið.

Karl Björnsson

Þorvarður Hjaltason

Sesselja Jónsdóttir

Guðmundur Tr. Ólafsson

Ágúst Ingi Ólafsson

